

Nd.

32. Frumvarp til laga

[31. mál]

um breyting á lögum nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál.

Flm.: Einar Olgeirsson, Eðvarð Sigurðsson, Ásmundur Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvæðanir fer sjö manna nefnd, verðlagsnefnd. Skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, þegar lög þessi taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Kosnir skulu og jafnmargir varamenn á sama hátt. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsnefnd skal ákveða hámarksverð á vöru og verðmæti, þ. á m. hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Skal það regla verðlagsnefndar að beita þessu valdi til þess að koma sem mest í veg fyrir vöxt verðbólgu og dýrtíðar og því aðeins sleppa því að ákveða hámarksverð á vissum sviðum, að samkomulag sé um slíkt í nefndinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er viðurkennd þjóðfélagsleg nauðsyn, að stöðva verði óðaverðbólgunar. Verðbólga, sem árum og áratugum saman er 10% á ári að meðaltali, er eyðileggjandi fyrir þjóðfélagið, ekki sízt siðferðilega. Væri hægt að tryggja, að verðbólga yrði ekki nema 2—3% á ári, væri mikið fengið.

Ríkisstjórnin viðurkennir, að henni hafi, eins og fleiri ríkisstjórnnum, mistekizt að stöðva verðbólgunar.

Flutningur þessa frv. er prófsteinn á, hvort ríkisstjórnin er reiðubúin til þess að vinna að stöðvun óðaverðbólgunnar, ef tillaga um það kemur frá stjórnarandstöðunni.

Verkalýðshreyfingin lýsti yfir því vorið 1964, að hún væri reiðubúin til samstarfs við ríkisstjórnina um stöðvun óðaverðbólgunnar. Aðferðir þær, sem ríkisstjórnin hefur beitt eða lagt til að beita, duga ekki.

Í þessu frv. felst ráðstöfun, sem mun duga, svo langt sem hún nær, ef henni er beitt.

Fyrsta skilyrðið til þess að halda verðbólgu í skefjum er að leyfa ekki sjálfkrafa verðhækkunarir, með öðrum orðum: afnema vald atvinnurekenda og kaupskýslumanna til að hækka verðlag að sama skapi og kaupgjald hækkar. Eins og nú standa sakir, hefur féskýslustéttin þetta vald á flestum sviðum viðskiptalífsins og beitir því vægðarlaust, svo sem dæmin sanna. Frv. fer fram á að afnema þetta vald, en veita verðlagsnefnd, sem öruggt er að fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar

ætti sæti í, vald til ákvarðana um verðlag. Síðan yrði reynslan að skera úr því, hvaða flokkar væru reiðubúnir til þess að heita því valdi til að vinna gegn verðbólgu og hverjir ekki.

Stundum hefur verið reynt af hálfu yfirvaldanna að skírskota til fésýslustéttarinnar að heita ekki valdi því, sem hún hefur fengið undanfarin ár, til verðlags-hækkana og verðbólgu. Þannig reit núverandi viðskiptamálaráðherra Gylfi Þ. Gíslason grein í Alþýðublaðið 17. júlí 1965, eftir kaupsamningana þá, þar sem hann sagði m. a.:

„En verðlagseftirliti og öllum öðrum hugsanlegum ráðum verður að heita til þess að koma í veg fyrir verðhækkanir, er eyði áhrifum þeirra kauphækkana, sem um hefur verið samið. Launþegar hafa auðvitað augljósra hagsmuna að gæta í því sambandi, að verðlaginu sé haldið í skefjum. En það væri skammsýn stefna af hálfu atvinnurekenda að leggja nú meiri áherzlu á að fá umsamda kauphækkun bætt með hækkun verðlagi, því að afleiðingin gæti ekki orðið önnur en röskun á efnahagsjafnvægi innanlands og erfiðleikar í greiðsluviðskiptum gagnvart útlöndum. Þegar frá liði, mundu þær ráðstafanir, sem ríkisvaldið yrði neytt til að grípa til í því skyni að stöðva þá þróun, verða atvinnurekendum í heild þungbærari en hitt nú er að gera skipulega og markvissa tilraun til þess að bæta rekstrarhagkvæmni og auka framleiðni, í samvinnu við ríkisvald og launþegasamtök, til þess að kauphækkanirnar þurfi ekki að leiða til hækkandi verðlags.“

Ef allir aðilar, sem hér geta lagt hönd á plóginn, gera sér grein fyrir skyldum sínum við sjálfa sig og samfélagið í þessu efni, þá á það að geta tekizt að varðveita efnahagsjafnvægi innanlands og treysta enn grundvöllinn undir heilbrigðri efnahagsþróun á Íslandi og sibatnandi lífskjörum.“

En allar slíkar áskoranir hafa reynzt máttlausar. Fésýslustéttin lítur á verðbólgu sem eina höfuðgróðalind sína og heldur áfram að raka til sín gróða í krafti þess valds, er hún hefur fengið, svo lengi sem samfélagið lætur henni haldast það uppi. Og vilji einhver aðili stilla álagningu í hóf, á hann jafnvel yfir höfði sér að vera gert erfitt að fá vörur til sölu.

Því ber að gera tilraun til þess að stöðva óðaverðbólgu með þeim aðferðum, sem hér er lagt til.

Vissulega þarf fleiri ráðstafanir. Strangt eftirlit og skynsamleg yfirstjórn á fjárfestingunni er annað höfuðskilyrði til stöðvunar verðbólgu. En slík ráð hafa ekki samrýmt því einræðisvaldi til óðaverðbólgu og vitlausrar fjárfestingar, sem ríkisstjórnin hefur gefið fésýslustéttinni og kallað „frelsi“ hennar.

Það verður nú í sambandi við afgreiðslu þessa frv. að reyna á, hver alvara mönnum er um stöðvun óðaverðbólgunnar. Frv. þetta var svæft á síðasta þingi og reynir nú á, hvort nálægð kosninga og umtal um verðstöðvun á sér raunverulega fylgi á þingi eða ekki.

Nánar í framsögu.